



## Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV)

**Priðjudaginn, 24. ágúst 2010**

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Þórður Pálsson setti fundinn og stjórnaði honum. Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

### **Dagskrá:**

#### **Dagskrárliður 1**

Héraðsverk ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir vegna framkvæmda við sorpurðunarsvæðið Stekkjavík að Sölvabakka. Áætlaður verktími er júlí til desember 2010. Meðfylgjandi er teikning (grunnmynd) af vinnubúðunum (gámaeiningar).

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt.

#### **Dagskrárliður 2**

Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar óskar eftir bráðabirgðaúttekt á gámasvæði (endurvinnslustöð) við Efstubraut 5a, Blönduósi þannig að verktaki geti hafið starfsemi. Ekki er búið að setja girðingu eins og kveðið var um í samþykktu byggingarleyfi (búið er að setja girðingu á framhlið við Efstubraut). Sótt er um frest til 1. maí 2011 til að ljúka þessum framkvæmdum.

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt.

#### **Dagskrárliður 3**

Helgi Bragason óskar eftir byggingaleyfi fyrir hönd Braga Haraldssonar til að setja 4,4m<sup>2</sup> garðhús á lóðina Skúlabraut 7 Blönduósi. Meðfylgjandi er teikning og mynd af húsinu sem er bjálkahús.

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt.

#### **Dagskrárliður 4**

Norðurá bs. óskar eftir byggingaleyfi fyrir þjónustuhúsi 64,9m<sup>2</sup> úr steinsteypu að Stekkjarvík (Sölvabakki). Meðfylgjandi er aðaltekning og skráningartafla.

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt.

#### **Dagskrárliður 5**

Guðrún Birna Blöndal óskar eftir byggingaleyfi fyrir sólpalli 18,28m<sup>2</sup> á lóðina Garðabyggð 4, Blönduósi. Meðfylgjandi er teikning. Samþykki nágretta liggur fyrir.

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt.

#### **Dagskrárliður 6**

Ola Aadnegard óskar eftir byggingaleyfi fyrir breytingu á gluggum íbúðarhúsins að Holtabraut 10, Blönduósi, meðfylgjandi er útlitstekning af húsinu.

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt.

#### **Dagskrárliður 7**

Guðjón Ólafsson óskar eftir byggingaleyfi fyrir sólpalli 38,0m<sup>2</sup> á lóðina Mýrabraut 7, Blönduósi. Meðfylgjandi er teikning.

**Afgreiðsla:** Samþykkt með fyrirvara um skriflegt samþykki nágretta.

#### **Dagskrárliður 8**

Ívar Snorri Halldórsson óskar eftir leyfi fyrir viðgerð sem hann framkvæmdi við kjallaradyr að Brimslóð 2, Blönduósi. Meðfylgjandi er bréf með skýringum og myndir af viðgerð.

**Afgreiðsla:** Erindinu er frestað og byggingafulltrúa falið að hafa samband við Húsafriðunarnefnd.

#### **Dagskrárliður 9**

Oddný María Gunnarsdóttir óskar eftir leyfi fyrir auglýsingaskilti ofan við inngang kaffihússins „Með kaffinu“ að Húnabraut 4, Blönduósi. Búið er að setja skiltið upp. Meðfylgjandi er ljósmynd.



Ennfremur er óskað eftir að fá að nota skiltið (Krútt kaffi) sem er við gatnamótin Húnabraut/Norðurlandsvegur.

**Afgreiðsla:** Nefndin samþykkir að auglýsingaskilti sé sett upp fyrir ofan inngang kaffishússins. Varðandi skiltið sem stendur við gatnamót Húnabrautar/Norðurlandsvegur hafnar nefndin erindinu. Byggingafulltrúa er falið að benda umsóknaraðila á leið til að fá heimild til notkunar á skiltinu.

#### Dagskrárliður 10

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn vegna leyfis um veitinga- og gististaði. Jolanta Tomaszewska óskar eftir leyfi til að reka krá/bar í flokki III yfir veitingastaði að Aðalgötu 2, Blönduósi.

**Afgreiðsla:** Erindinu frestað til næsta fundar.

#### Dagskrárliður 11

Ágúst Þór Bragason óskar eftir byggingaleyfi fyrir 8,6m<sup>2</sup> gróðurhúsi (létt garðhús) á lóðina Brekkubýggð 15, Blönduósi. Húsið er byggt á staðnum, undirstöður eru steyptar súlur.

**Afgreiðsla:** Erindinu er frestað þar sem teikning af húsinu og skriflegt samþykki nágranna liggur ekki fyrir.

#### Dagskrárliður 12

Hjörleifur Júlíusson óskar eftir samsetningarleyfi (stöðuleyfi) fyrir 1 til 2 sumarhús, 20-60m<sup>2</sup> á lóðinni Efstubraut 1 (Særúnarhúsið). Húsin eru til flutnings. Teikningar samkvæmt byggingareglugerð 441/1998. munu liggja fyrir. Fasteignaeigandi hefur samþykkt og leyft fyrirhugaða starfsemi.

**Afgreiðsla:** Erindið er samþykkt með fyrirvara um að samþykktar teikningar liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast og skriflegt samþykki fasteignaeiganda liggi fyrir. Einnig að stöðuleyfi verði ekki lengra en 6 mánuðir. Að auki skulu fjarlægðir milli sumarhúsanna og Efstubrautar 1 vera í samræmi við byggingareglugerð. Staðsetning húsanna skal vera í samráði við byggingafulltrúa.

#### Dagskrárliður 13

Byggingarfulltrúi leggur fram lista yfir þá sem sendu inn athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi, tillögu um svör og uppkast af bréfi bæjarstjóra um athugasemdir og ábendingar vegna Aðalskipulags 2010-2030.

**Afgreiðsla:** Afgreiðslu erindisins er frestað. Byggingafulltrúa er falið boða fulltrúa Landmótunar, bæjarstjóra og forstöðumann tæknideildar Blönduósbæjar á fund SBV. Ákveðið var að boða til fundar í 35. viku ársins 2010.

#### Dagskrárliður 14

Önnur mál:

A: Auglýsingarskilti í og við Blönduósbæ.

**Afgreiðsla:** Nefndin áréttar að samráð skuli haft við byggingafulltrúa vegna auglýsingaskilta sem standa í og við Blönduós. Byggingafulltrúa falið að afla frekari gagna vegna málsins.

B: Hlutverk og verksvið Skipulags-, byggingar-, og veitunefndar.

**Afgreiðsla:** Formaður kynnti hlutverk og starfsemi nefndarinnar. Umræður voru um að uppfæra þurfi erindisbréf. Nefndin felur byggingafulltrúa að afla gagna um fjárhagsáætlun um útgjaldaliði vegna byggingareftirlits, skipulagsgerðar og veitna.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:44

*Þórður Pálsson (sign)*

*Haukur Ásgeirsson (sign)*

*Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)*

*Valgerður Gísladóttir (sign)*

*Hilmar Þór Hilmarsson (sign)*

*Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri (sign)*

*Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign)*